

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Árbæjarblettur 62/Þykkvibær 21.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. september 2017, breytingu á deiliskipulagi Árbær-Selás sem samþykkt var í borgarráði 25. október 1966. Í breytingunni felst að afmörkuð er lóð og byggingarreitur um Árbæjarblett 62/Þykkvabæ 21. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Birkimelur 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. október 2017, breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands vestan Suðurgötu vegna lóðar nr. 3 við Birkimel. Í breytingunni felst að lögun lóðar og byggingarreits er breytt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvammargerði 7.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 15. desember 2017, breytingu á deiliskipulagi Heiðargerðisreits vegna lóðarinnar nr. 7 við Hvammargerði. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður á hluta suðurhlíðar um 12 m² og nýtingarhlutfall hækkað úr 0,45 í 0,48. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Stórhöfði 32.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 15. desember 2017, breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða eystri vegna Stórhöfða 32. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til austurs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nýlendugata 34.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 9. nóvember 2017, breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 34 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og aukning á byggingarmagni vegna nýbyggingar á lóðinni, timburhús með allt að 6-7 íbúðum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting öðlast þegar gildi.

Hafnarstræti 18.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. nóvember 2017, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 18 við Hafnarstræti. Í breytingunni felst m.a. aukning á byggingarmagni, ný viðbygging sunnan við húsið, kjallari og tvær hæðir og að skúrar sem byggðir eru á baklóð verði rifnir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting öðlast þegar gildi.

Lambhagavegur 8-10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 8. desember 2017, breytingu á deiliskipulagi við Vesturlandsveg, Hallar, vegna lóðanna

nr. 8 og 10 við Lambhagaveg. Í breytingunni felst m.a. breyting á skipulagi til að tryggja nægt pláss fyrir framtíðarveg tengingar í Úlfarsárdal og fyrirhugaðan kirkjugarð, lóðir minnka og byggingarmagn til samræmis við það. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bergþórugata 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 8. desember 2017, breytingu á deiliskipulagi reits 1.190.2, Njálsgötureits, vegna lóðarinnar nr. 5 við Bergþórugötu. Í breytingunni felst sú heimild að hús við götu verði þrjár hæðir með lágu risi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bæjarflöt 9-11 og Gylfaflöt 15-17.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 1. nóvember 2017, breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar vegna lóðanna nr. 9-11 við Bæjarflöt og 15-17 við Gylfaflöt. Í breytingunni felst lagfæring á uppdrætti. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgartún 8-16A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 1. nóvember 2017, breytingu á skilmálum deiliskipulags Höfðatorgs (Borgartún 8-16A). Í breytingunni felst að setja inn ákvæði þar sem skýrt kemur fram heimild um að samnýta bílastæði í bílakjallara. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 20. desember 2017.

Björn Axelsson.